

Mánudaginn 3. október 1988.

Nr. 219/1986. **Þórunn Guðmundsdóttir**

(Kjartan Reynir Ólafsson hrl.)

gegn

Nóa — Siríusi hf.

(Hallgrímur B. Geirsson hrl.)

Fjárnámsgerð staðfest.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðmundur Skaftason, Guðrún Erlendsdóttir og Hrafn Bragason.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 21. júlí 1986 að fengnu áfrýjunarleyfi 10. s.m. samkvæmt 2. mgr. 20. gr. laga nr. 75/1973. Hún krefst þess að hin áfrýjaða fjárnámsgerð verði felld úr gildi og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar á hinu áfrýjaða fjárnámi og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Fjárnámsgerðin 10. október 1985, sem mál þetta snýst um, fór fram að Grundartanga 25, Mosfellshreppi. Vottorð Hagstofu Íslands, Þjóðskrár, þess efnis, að lögheimili áfrýjanda hafi frá 1. maí 1985 verið að Brekkutanga 17 sama hreppi þykir ekki hafa úrslitaáhrif hér. Heldur áfrýjandi því fram að þar hafi átt að byrja fjárnámið. Áfrýjandi var sjálf viðstödd hina áfrýjuðu fjárnámsgerð og verður við það að miða, að eftir að fógeti hafði gætt leiðbeiningarskyldu samkvæmt 3. mgr. 41. gr. aðfararlaga nr. 19/1887, sbr. 114. gr. laga nr. 85/1936, hafi hún undirritað fógetabókina og því ekki mótmælt að fjárnámið færi fram að Grundartanga 25. Ósannað er að fjárnámsgerðin sé haldin nokkrum þeim annmörkum er valda eigi ógildi hennar.

Áfrýjun málsins er að ófyrirsynju.

Eftir þessum úrslitum ber að dæma áfrýjanda til að greiða stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti eins og greinir í dómsorði.

D ó m s o r ð:

Hin áfrýjaða fjárnámsgerð skal vera öröskuð.

Áfrýjandi, Þórunn Guðmundsdóttir, greiði stefnda, Nóa —
 Siríusi hf., 35.000,00 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.
 Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Fjárnámsgerð fógataréttar Kjósarsýslu 10. október 1985.

Ár 1985 fimmtudaginn 10.10. er fógataréttur Kjósarsýslu settur að Grundartanga 25, Mosfellshr. og haldinn með undirrituðum vottum af Gunnari Aðalsteinssyni ftr.

Fyrir er tekið fógatamálið: 1374/1985 Nói — Siríus hf. gegn Þórunni Guðmundsdóttur.

Fógeti leggur fram nr. 1 gerðarbeiðni og nr. 2 aðfararhæfa áskorunarstefnu.

Fyrir gerðarbeiðanda mætir Gunnar Jónsson lögfr. v/Gests Jónssonar hrl. og krefst fjárnáms fyrir kr. 33.477,97 með 19% ársvöxtum af kr. 4.629,15 frá 3.5.84 til 2.7.84, en af kr. 6.964,99 frá þ.d. til 18.7.84, en af kr. 10.460,88 f.þ.d. til 25.7.84, en af kr. 10.605,40 f.þ.d. til 6.9.84, en af kr. 16.207,50 f.þ.d. til 19.9.84, en af kr. 16.032,66 f.þ.d. til 27.9.84, en af kr. 20.680,60 f.þ.d. til 30.10.84, en af kr. 20.373,39 f.þ.d. til 12.11.84, en af stefnufjárh. f.þ.d. til 1.1.85, en með 32% ársv. f.þ.d. til 1.2.85, en með 3,75% drv. á mán. f.þ.d. til 1.3.85, en með 4% drv. á mán f.þ.d. til 1.6.85, en með 3,5% drv. á mán. f.þ.d. til greiðsludags, kr. 1.045,00 í kostnað af endurriti og birtingu dóms, kr. 7.200,00 f/ritun, beiðni, í málskostnað skv. gjaldskrá LMFÍ, kostnað við gerðina og eftirfarandi uppboð, allt á ábyrgð gerðarbeiðanda.

Gerðarþoli, sem býr hér, er sjálfur viðstaddur.

Mætta kveðst aðspurð ekki greiða kröfu gerðarbeiðanda. Fógeti áminnir mættu um sannsögli og skorar á hana að benda á eignir til fjárnáms.

Að kröfu umboðsmanns gerðarbeiðanda og ábendingu mættu lýsir fógeti yfir fjárnámi í eign/eignarhluta gerðarþola, pylsuvagni, staðsettum við sundlaug Breiðholts, ásamt pottum og tækjum sem í honum eru. Fallið er frá virðingu.

Fógeti gætir leiðbeiningarskyldu sinnar gagnvart mættu, sem er ólög-lærð, og brýnir m.a. fyrir henni að tilkynna gerðarþola fjárnámið og að ekki megi ráðstafa hinu fjárnumda á nokkurn hátt, er fari í bága við gerð þessa, að viðlagðri ábyrgð að lögum.